SLIPPFÉLAGIÐ

TDS – BETT 3 - 05.2023




# BETT 3

**Gerð:** Vatnsþynnt almött akrýlmálning.

**Notkunarsvið:** Bett 3 er ætluð á stofur, herbergi, skrifstofur og fleira. Hún hentar vel á t.d. pússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.

**Eiginleikar:** Bett 3 er vatnsþynnanleg akrýlmálning ætluð á loft og veggi innanhúss þar sem óskað er eftir almattri áferð. Bett 3 inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbindiefni sem gefur málningunni afburða þvottheldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastmálningum. Málningin er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótþornandi.

SVANSMERKIÐ
1096 0025

Varan uppfyllir kröfur:
BREEAM International New Construction 2016
-Hea 2: Interior paints and coatings - Exemplary level

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

# TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

| | |
|---|---|
| **Stofnar:** | HVÍTUR |
| **Litir:** | Hægt að lita í ljósa liti. |
| **Gljástig:** | 3 |
| **Efnisnotkun:** | 8-10 $m^2$/l |
| **Pakkningar:** | 1, 4 og 10 lítrar |
| **Áhöld:** | Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. |
| **Þurrktími og yfirmálun:** | Snertiþurrt eftir um 1 klst.<br>Yfirmálun eftir um 3 klst við 20°C og 60% hlutfallsraka lofts (%HR). |
| **Eðlismassi:** | 1,4 g/ml |
| **Þurrefni:** | 55 % |
| **Geymsla:** | Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað.<br>Má ekki frjósa. |
| **VOC:** | Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/a 30 g/l.<br>Varan inniheldur að hámarki 1 g/l |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

# VERKLÝSING

| | |
|---|---|
| **Undirbúningur:** | Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málun. Laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olíu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málun. |
| **Notkunar aðstæður:** | Hitastig flatar skal vera yfir 10°C og ekki heitari en 25°C.<br>Loftraki skal vera undi 80%. Við mjög lágan loftraka getur málningin þornað of hratt sem hefur neikvæð áhrif á áferð. |
| **Nýmálun:** | Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gifsplötur og strigi: Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni. Aðra fleti skal grunna með viðeigandi grunni.<br>Að lokum eru málaðar 2 umferðir með Bett 3 |
| **Endurmálun:** | Þrífið með Málningarhreinsi og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist.<br>Því næst eru málaðar 2 umferðir með Bett 3. |
| **Þynnir:** | Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu.<br>Ekki skal geyma þynnta málningu. |
| **Hreinsun áhalda:** | Með volgu vatni strax eftir notkun. Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. |
| **Athugið:** | Eftir opnun minnkar geymsluþol.<br>Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur. Við þvott getur orðið gljáabreyting, til að jafna gljáann getur þurft að þvo allan flötinn.<br>Skilið tómum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.<br>Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs. |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.